

L Ö G

96

11. des.

um breyting á lögum nr. 30 1. febr. 1936, um breyting á og viðauka við siglingalög nr. 56 30. nóv. 1914.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó skulu kröfur, sem skipstjóri hefur stofnað til vegna úttektar á vistum til skipa þeirra, er síldveiðar stunda sumarið 1950, vegna síldveiðanna, njóta sjóveðs-réttar, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. desember 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

97

18. des.

um aðstoð til bænda á óþurrkasvæðunum á Austur- og Norðurlandi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 4½ milljón króna lán og verja fénu til aðstoðar bændum á óþurrkasvæðunum í Austur-Skaftafells-, Múla- og Þingeyjar-sýslum, svo og í Árneshreppi í Strandasýslu og Grunnavíkurhreppi í Norður-Ísa-fjarðarsýslu. Aðstoð þessi verði veitt sem lán og óafturkræft framlag til fóðurkaupa á þetta svæði samkvæmt reglum, sem landbúnaðarráðuneytið setur.

2. gr.

Landbúnaðarráðuneytið ákveður, hverjum skuli falið að úthluta fé því, sem um ræðir í 1. gr., og setur nánari ákvæði um framkvæmd laganna og hverjir skuli annast afgreiðslu og innheimtu þeirra lána, sem veitt verða samkvæmt þeim.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. desember 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.